

Heilbrigðisráðuneytið

Síðumúli 24

108 Reykjavík

Reykjavík 04.07.2024

Efni: Umsögn Hrafnistu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

I.

Vísað er til frumvarps um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Í frumvarpinu er mælt fyrir um takmörkun á beitingu nauðungar á heilbrigðisþjónustu innan heilbrigðisstofnanna eins og frekast er unnt.

Hrafnista hefur þegar sent inn umsögn með athugasemdum við frumvarpið eins og það lá fyrir í drögum og ber að þakka viðbrögð heilbrigðisráðuneytisins við þeirri umsögn þar sem brugðist var að miklu leyti við athugasemdum Hrafnistu og horft til sérstöðu hjúkrunarheimila. Hrafnista telur þó mikilvægt að skerpa enn frekar á nokkrum atriðum frumvarpsins.

II.

Í frumvarpinu er sérstaklega getið um *ijarvöktun* og merkingu þess hugtaks sem er skv. 2.gr. frumvarpsins *rafræn vöktun með t.d. myndavél, skynjara eða hjóðnema*. Í fyrri umsögn vakti Hrafnista athygli á því að hjúkrunarheimili notist við s. k. ferilvöktun sem er mikilvægur öryggisbúnaður og liður í því að tryggja öryggi íbúa sem hjúkrunarheimilum ber skylda til. Falli slíkur búnaður undir fjarvöktun eins og hún er skilgreind í frumvarpinu þá virðast sömu sjónarmið gilda um beitingu ferilvöktunar og nauðungar og skilyrði fyrir beitingu þau sömu og gilda um nauðung. Vísast í því sambandi til ákvæðis 27.gr.f. frumvarpsins þar sem segir að heilbrigðisstofnanir skulu *mánaðarlega* senda sérfræðiteymi skv. 27.gr. skýrslu um beitingu nauðungar eða *ijarvöktunar*. Er í því sambandi að mati Hrafnistu mikilvægt að í frumvarpinu sé sérstaklega tekið fram að ferilvöktun innan hjúkrunarheimila flokkist sem öryggisráðstöfun og hið sama gildi um *lokaðar hjúkrunardeildir*. Þannig sé engum vafa undirorpið hvort hjúkrunarheimilum sé heimilt að grípa til slíkra ráðstafanna og leggja mat á nauðsyn þess *án* þess að sérstaklega sé talin þörf á að senda sérfræðiteymi mánaðarlega skýrslu þar um eða afla sérstakrar undanþágu.

Í frumvarpinu, sbr. j. lið 4.gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að ný 27. gr. k. komi inn í lögín sem ber heitið *Reglugerð um beitingu nauðungar*. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglugerð um nánari framkvæmd öryggisráðstafana á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum skv. 2. mgr. 27. gr. b. Hrafnista telur brýnt að reglugerðin verði unnin í samráði við hjúkrunarheimili, þ.m.t. Hrafnistu, með það fyrir augum að skerpa og skýra framkvæmd öryggisráðstafana á hjúkrunarheimilum og að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið að framan. Í því sambandi er afar brýnt að mati Hrafnistu að tilgreint verði að ferilvöktun, þ.e. standi vægari úrræði ekki til boða, falli ekki undir skilgreiningu fjarvöktunar.

Með vísan til framangreinds telur Hrafnista í öllu falli mikilvægt að reglugerðir sem ráðherra skal setja á grundvelli laganna verði settar á sama tíma og fyrirhuguð gildistaka frumvarpsins þannig að réttarstaða notenda og heilbrigðisstofnanna, þ.m.t. hjúkrunarheimila verði frá upphafi eins skýr og kostur er.

III.

Í greinargerð með frumvarpinu segir varðandi *þvingaða lyfjagjöf* að ekki þyki rétt að taka upp heimild til þvingaðrar lyfjagjafar umfram þá sem mælt er fyrir um í lögræðislögum. Hrafnista ítrekar fyrri athugasemdir og mikilvægi þess að hjúkrunarheimili hafi heimild til að beita þvingaðri lyfjagjöf. Er í því sambandi bent á að þvinguð lyfjagjöf getur verið nauðsynleg í þeim tilfellum þegar íbúi sýnir hegðun sem er hættuleg honum sjálfum og öðrum og þegar öðrum og vægari úrræðum hefur verið beitt án árangurs. Sé ekki til staðar heimild til beitingar þvingaðra lyfjagjafa þá geta komið upp aðstæður þar sem óska þarf eftir liðsinni sjúkraflutninga eða lögreglu þar sem senda þarf íbúa á Landspítalann.

IV.

Hrafnista fer þess góðfúslega á leit að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda þannig að starfsemi hjúkrunarheimila samrýmist að öllu leyti gildandi lögum á hverjum tíma.

Að lokum þakkar Hrafnista tækifærið til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri og þakkar enn og aftur fyrir samvinnuna við gerð frumvarpsins. Óskar Hrafnista enn fremur eftir því að fá að fylgja athugasemdum eftir á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. heilbrigðissviðs Hrafnistu

Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir
Lögfræðingur og verkefnastjóri á heilbrigðissviði Hrafnistu.